

Lög

um breytingu á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001.

1. gr.

C-liður 3. gr. laganna orðast svo: *Einkaleyfi*: Sérleyfi sveitarfélags, byggðasamlags eða landshlutasamtaka sveitarfélaga til reglubundinna fólksflutninga á tilteknu svæði eða tilteknum leiðum.

2. gr.

Á eftir orðinu „Sérleyfishafa“ í 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: og einkaleyfishafa.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Fyrri málsliður 1. mgr. orðast svo: Vegagerðin getur veitt sveitarfélögum, byggðasamlögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga einkaleyfi til að skipuleggja og sjá um almenningssamgöngur með bifreiðum á tilteknu svæði og á tilteknum leiðum.
- b. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Öðrum en einkaleyfishafa er óheimilt nema með samþykki hans að stunda reglubundna fólksflutninga á svæðum og leiðum þar sem einkaleyfi til reglubundinna fólksflutninga hefur verið veitt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 17. desember 2011.

